

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2018, fimmtudagurinn 8. mars var haldinn 162. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Fólkvangi á Kjalarnesi og hófst kl. 17:05. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Ólafur Þór Zoega, Eldey Huld Jónsdóttir, Guðfinna Ármannsdóttir og Hafsteinn Númason. Auk þeirra sátu Sigþór Magnússon áheyrnarfulltrúi Íbúasamtaka Kjalarness, Ingibjörg Sigurbórsdóttir framkvæmdastjóri Miðgarðs, Margrét Richter deildarstjóri fjármála og rekstrar í Miðgarði og Sara Ósk Rodríguez Svönudóttir, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um Sumardaginn fyrsta.
Ákveðið var að vera ekki með sérstaka hátíð í ár en endurskoða það að ári og sækja um í sjóð Barnamenningarhátíðar.
- Kl. 17.15 tekur Jóna Björk Sætran, áheyrnarfulltrúi framsóknar og flugvallavina. sæti á fundinum.
2. Lagt fram erindi Önnu Filbert, dags. 26. febrúar 2018, varðandi veðurfarsupplýsingar á Kjalarnesi.
Samþykkt að formaður hverfisráðs muni senda erindi til Veðurstofunnar um að uppfæra veðurupplýsingar oftar á mælum á Kjalarnesi og þar með talið Skrauthólamæli. Af öryggisástæðum er óskað eftir því að Skrauthólamæli verði gerður sýnilegri á vedur.is.
3. Lögð fram til kynningar útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagssvið, dags. 14. febrúar 2018, varðandi aðalskipulag – iðnaður og önnur landflek starfsemi.

Hverfisráðið leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness bendir á hversu miklar afleiðingar breytingar á skipulagi og breyttri starfsemi geta haft í för með sér. Hverfisráðið brýnir fyrir þeim sem ákvarðanir taka í skipulagsmálum að nú þegar hafa verið samþykktar breytingar á skipulagi og starfsemi sem menn virðast ekki hafa áttað sig á fyrirfram að myndu hafa slæmar afleiðingar. Dæmi um þetta eru mikil óþægindi vegna hljóðmengunar á öllu Kjalarnesi vegna skotsvæðisins í Álfsnesi. Einnig vegna leyfisveitinga til verksmiðjubúa sem valda lyktarmengun og loftmengun hjá íbúum og truflar aðra starfsemi svo sem útivist. Einnig bendir ráðið á að á öllum stöðum við sjó sem eru til skoðunar í þessu verkefni er viðkvæmt vistkerfi. Mikið landbrot er á Kjalarnesi og virðist dæling efnis úr sjó í langan tíma nálægt landi hafa aukið hraða landbrotsins. Íbúar á Kjalarnesi hafa fylgst með hvernig ströndin færir inn í landið, t.d. hefur þurft að færa girðingar í grennd við Grundarhverfi í tvígang frá síðustu aldamótum (frá árinu 2000) vegna landbrots. Íbúar í grennd við Hvalfjarðargöng hafa skjalfest með myndum ótrúlega breytingu á ströndinni frá því að göngin voru tekin í notkun en þá var rafmagnsstrengur leiddur í göngin í stað þess að liggja á hafsbotni. Dæluskip geta því athafnað sig án þess að þurfa að taka tillit til rafmagnskapals í sjónum og hafa því líklega dælt egni úr sjó nær landi. Á þetta er bent til að minna á að breytingar á landnotkun og breytt starfsemi eru keðjuverkandi og eins og dæmin sanna geta þær haft óafturkræfar afleiðingar. Kjalarnes er grænt svæði í borginni, dýrmætt fyrir þá sem þar búa og leggja þangað leið sína til útivistar. Þess vegna þarf að ganga varlega um strandlengjuna og gæta vel að þeirri byggð sem fyrir er í nágrenni við fyrirhuguð framkvæmdasvæði. Sérstaklega er minnt á byggðina í Kollafirði sem er í næsta nágrenni við Esjumela.

4. Lögð fram til kynningar útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagssvið, 10. janúar 2018, varðandi efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík.

5. Lögð fram til kynningar útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagssvið, dags. 10. janúar 2018, varðandi aðalskiplag – miðborgin.
6. Lögð fram til kynningar drög að úthlutunarreglum hverfissjóðs

Hverfisráðið leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness er sammála áherslum sem fram koma í 1. gr. um tilgang sjóðsins, þ.e. að efla samstöðu og samvinnu íbúa í hverfistengdum verkefnum. Einnig að styrkja skuli íbúa í viðkomandi hverfi og hverfisbundin félagasamtök. Í 2. gr. er óljóst er hvað átt er við með setningunni "Styrkir úr sjóðnum ná fyrst og fremst til hverfisráða Reykjavíkurborgar" og þarf að skýra hana betur. Er t.d. átt við að landfræðileg mörk hverfanna í hverju tilviki séu þau sömu og hverfisráða? Hverfisráð Kjalarness telur að meiri sveigjanleiki þurfi að vera í skiptingu fjármagns milli hverfisráða og að æskilegt sé að í 3. gr. komi "Við skiptingu fjármagns milli hverfisráða gildir sú meginregla að helmingi fjármagnsins verði skipt jafnt milli hverfa og helmingi í samræmi við íbúafjölda. Hægt er að víkja frá reglunni ef rökstuddar óskir berast frá einstökum hverfisráðum" í stað "Skipting fjármagns milli hverfisráða verði á þann hátt að helmingi fjármagnsins verði skipt jafnt milli hverfa og helmingi í samræmi við íbúafjölda". Hverfisráð Kjalarness bendir á að Kjalarnes nær yfir mjög stórt svæði og íbúar eru um 1000. Með vísan til 1. gr. um tilgang sjóðsins sem er meðal annars að stuðla að fegrun hverfa og auknu öryggi er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að verkefni á Kjalarnesi geti verið fjárfrekari en í öðrum hverfum vegna mjög dreifðrar byggðar. Æskilegt er að fram komi í reglunum hvaða stofnanir borgarinnar munu annast umsýslu styrkjanna. Fram kemur að það sé Reykjavíkurborg, en fram til þessa hafa þjónustumiðstöðvar annast umsýsluna. Ekki kemur fram hvort svo verði áfram eða að um miðlæga umsýslu verði að ræða.

Fundi slitið kl. 18:25

Sigríður Pétursdóttir

Eldey Huld Jónsdóttir
Hafsteinn Númason

Guðfinna Ármannsdóttir
Ólafur Þór Zoega